

Stjórnarfundur Prentsöguseturs 19.09 2019

Fundarstaður: Prentsögusetur, Laugavegi 29, 101 Reykjavík

Mætt: Heimir, Hjörtur, Haukur Már, Þorsteinn, Sófus, Svanur og Katrín

Fundarsköp: Heimir kynnti sér fundarsköp og reglugerðir Hins íslenska prentarafélags. Hann lagði til að við tækjum upp nýja síði á fundum. Hann vill að við höfum aga á okkur og ekki gaspra hver ofan í annan. Það var almenn ánægja með umræðuna og fundarsköpin sem hann lagði til. Umræður, úr reglugerðinni verða send á stjórnarmenn.

Ný stjórn: Á næsta aðalfundi ætla Heimir formaður og Svanur gjaldkeri félagsins að stíga til hliðar. Huga þarf að eftirmönnum þeirra. Þess má geta að þessir eðalmenn eru að verða 90 ára, Svanur verður 90 ára 23. september 2019 og Heimir verður 90 ára 1. maí 2020. Næsti aðalfundur verður haldinn í mars 2020.

Fjármál: Farið var yfir hvernig fjárhagurinn hefði breyst á árinu. Í upphafi árs var innstæða um 1.7 milj. Síðan voru greiddar út um 800 þús. vegna kaupa á 2 gámum. Grafía styrkti okkur um 400 þús vegna annars gámsins, en þeir peningar eru ennþá ógreiddir til okkar. Við eigum því um tæpa 1 milj í sjóði.

Hratt fer úr sjóði þegar ekkert kemur á móti mánaðarlegum útgjöldum. Mánaðarleg útgjöld eru 79 þús. í húsaleigu fyrir Laugarveginn. Heimtir félagsgjalda eru þó góðar. Óheimtur er styrkur frá Odda 70 þús. þeir bíða eftir úrskurði Samkeppnisráðs um hvort þeir hjá Prentmet megi kaupa Oddann. Ef að því verður fáum við þessa upphæð skv. Guðm. R. Guðm. Aðrar innheimtur hjá fyrirtækjum eru nokkuð góðar, líklega tvö sem ekki greiða núna en greiddu til okkar í fyrri.

Umræða um að opna bankareikninga í Landsbanka og Íslandsbanka. Gjaldkeri sagði okkur að ferlið við að opna bankareikning fyrir félagasamtök væri orðið flóknara en áður var, þá þarf núna að koma með stofnskrá frá Rsk og fundargerð sem vottar um að hann sé gjaldkeri og prókúruhafi. Hann sagði að stofnaður hafi verið söfnunar-reikningur í Arion banka á sínum tíma sem ekki hefur verið notaður, hvort það mætti ekki nota hann. Það var samþykkt og því ákveðið að stofna ekki annan reikning.

Prentsögusetur á Laugavegi: Til að setrið geti opnað á Laugavegi þarf að koma tæknimálum í lag þs.koma upp skjá eða öðru líku til að geta sýnt myndir, PowerPoint eða annað sem fólk kynni að nota til fræðslu. Kastað var fram hvort við gætum hugsanlega fengið þessar vörur notaðar? Katrín og Hjörtur ætla að fara í tæknimálin og koma með tillögu um hvar skjárinn gæti verið staðsettur í setrinu.

Svanur sagði okkur frá skemmtilegri innsetningu í Hveragerði þar sem tímalína var sett fram, hugmynd sem við gætum hugsanlega heimfært og notað.

Spurt var, má segja frá Skálholti í fjölmiðlum? Við urðum sammála um að senda ekki út fréttatilkynningu fyrr en búíð er að ganga frá samningi við Skálholt.

Skrásetning hluta á safninu, búíð er að finna sjálfboðaliða til að skrásetja hluti á setrinu á Laugavegi. Þá verða hlutir númeraðir, tekin mynd og uppástunga kom um að hljóðrita samtöl við Heimi sem veit einna mest um hlutina sem eru á setrinu við Laugarveg. Svanur benti á að sniðugt gæti verið að sjá hvernig Lýður Pálsson skráir

hlutina á Sarpur.is þar sem þjóðminjar Íslands eru skráðar. Stjórn leist vel á að halda áfram með skráningu á þennan hátt, það var samþykkt.

Skálholt: Fjósaráð setti saman tillögu um hugsanlega samstarfaðila, tillaga var lesin á fundi. Þar sem fáir höfðu séð tillögur fyrir fund var ákveðið að senda tillögu á fundarmenn svo þeir gætu velt þessu fyrir sér. Efnið verður tekið upp á næsta fundi. Efnið var þó rætt og þótti mönnum kanski ekki tímabært að samþykkja verktaka alveg strax. Nr. 1 samningur við Skálholt nr.2 fjáröflun nr. 3 hugsanlegir samstarfaðilar. Umræða myndaðist um hraða verkefnis og forgangsstöðun.

Viðræður við Skálholt ganga vel. Þorsteinn og Haukur Már breyttu lítilega drögum sem lögð verða fyrir ráð Skálholts 24. sep. 2019. Endanlegur samningur verður að öllu óbreyttu unninn eftir að þann fund. Drögin verða send stjórnarmönnum eftir þennan fund til skoðunar.

ÞorsteinnVeturliðason, Þórleifur Friðriksson og Haukur Már Haraldsson eru farnir af stað í fjáröflun þs. sækja um styrki. Flestir sem þeir ræða við varðandi styrki virðast vita af fjósaáformum, orðið hefur verið fljótt að berast, sem er hið besta mál. Fyrirhugað er að fara í samvinnu við stjórn Skálholts um styrkjaöflun. Ekki er vitað að svo stöddu hver heildarfjárhæð styrkja verður.

Önnur mál:

- Stungið var uppá samræmdum texta. Þessi texti væri þá hugsaður sem kynning eða skilaboðin útávið um hvað Prentsögusetur er og hvað það stendur fyrir. Það gæti verið gott að hafa hann við höndina þegar það þarf að senda kynningu um setrið, nú þegar við erum að hefja fjáröflun. Sennilega er þessi texti nú þegar til, Haukur var til í að skoða málið.

- Haukur Már lagði til að undirskrift samkomulags færi fram á sameiginlegum fundi með Skálholtsfólki, að viðstöddum blaðamönnum og ljósmyndurum. Allir stjórnarmenn, sem eiga þess nokkurn kost, verði viðstaddir. Tillagan var samþykkt.

Fundi slitið.